

Nr. 516

21. maí 2013

## AUGLÝSING um deiliskipulag Dettifossvegar nr. 862 í Norðurþingi.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 26. mars 2013 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar Norðurþings að deiliskipulagi Dettifossvegar nr. 862 innan Norðurþings. Í deiliskipulaginu eru settir skilmálar fyrir vegstæði og frágang vegarins á tæplega 30 km kafla frá veggengingu að Dettifossi norður að norðausturvegi í Kelduhverfi ásamt veggengingum að Hólmatungum og Langavtnshöfða í Vesturdal. Skilmálar eru settir um efnistöku til vegagerðar og frágang efnistökusvæða, fyllinga og skeringa meðfram fyrirhuguðum vegi. Einnig eru sýndir stígar, reiðleiðir og gerð grein fyrir áningarástöðum þar sem verða bílastæði og snyrtihús.

Á kynningartíma bárust athugasemdir frá þremur aðilum eins og nánar kemur fram í bókun skipulags- og byggingarnefndar í fundargerð 14. mars 2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Húsavík, 21. maí 2013.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2013